

**Skipulagsnefnd - 189. fundur Skipulagsnefndar  
haldinn að Laugarvatni, 8. janúar 2020  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Árni Eiríksson, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur J. Gíslason boðað forföll, Rúnar Guðmundsson og Sigurður Hreinsson.

**Fundargerð ritaði:** Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi

**Dagskrá:**

**Bláskógbabyggð:**

**1. Leynir lóð lnr 167906: Geymsla: Fyrirspurn - 1801009**

Haraldur Ásgeirsson leggur fram fyrirspurn ásamt uppdrætti til skipulagsnefndar UTU, um hvort leyfi fáist til að byggja allt að 40m<sup>2</sup> geymslu á lóðinni Leynir lóð L167906. Núverandi geymsla á lóðinni verur rifin og fjarlægð.

*Skipulagsnefnd UTU tekur jákvætt í erindið.*

*Lagt fram*

**Flóahreppur:**

**2. Ósbakki L165463; Breyting úr frístundasvæði F36 í landbúnaðarland;  
Aðalskipulagsbreyting - 1905037**

Lögð er fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30.gr. skipulagslaga, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Fram komu nokkrar ábendingar frá umsagnaraðilum og hefur verið brugðist við þeim í uppfærðri tillögu. Fyrirhuguð breyting tekur til 2 ha. lands Ósbakka (L165463) sem í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem frístundabyggð (F36) og er áætlað að breyta landnotkun í landbúnaðarland. Áætlað er að byggja upp nýtt íbúðarhús og hesthús/skemmu. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið með deiliskipulag fyrir svæðið. Umsagnir hafa borist frá Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna, greinargerð og uppdrátt að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til athugunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.*

*Samþykkt*

*B.S.B* *A.H.* *H.K.* *J.G.* *1*

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

**3. Villingavatn (L170954); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús - 1909057**

Í framhaldi af grenndarkynningu 2. desember 2019 með athugasemdafresti til 6. janúar 2020 er lögð fram umsókn Stefáns D. Ingólfssonar dags. 19. september 2019 móttokin 20. september 2019 fyrir hönd Páls Enos um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 122,4 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Villingavatn (L170954) í Grímsnes- og Grafningshreppi ásamt niðurrifum á sumarhúsi mhl 01, 37,4 m<sup>2</sup> og bátaskýli mhl 02, 31,1 m<sup>2</sup>. Athugasemdir bárust.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps afturkalli fyrri bókun frá 20.11.2019, og mælist til að byggingarmagn/nýtingarhlutfall verði ekki hærra en 0.05 á lóðinni.*

*Lagt fram*

**4. Snæfoksstaðir frístundabyggð; Breyting deiliskipulags svæði D - 1906060**

Lögð er fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40.gr. skipulagsлага, tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða, sem nær yfir svæði frístundabyggðar, merkt F20c í greinargerð aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. Svæðið sem breytingin nær yfir er um 70 ha að stærð og er merkt sem svæði D í deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að fjölgja frístundalóðum úr 47 lóðum í 53 lóðir. Þar af eru 49 frístundalóðir byggðar og 4 óbyggðar. Enn fremur er innan svæðisins gert ráð fyrir einni landbúnaðarlóð (Nautavakavegi nr. 2) sem tengist starfsemi skógræktarinnar á Snæfoksstöðum. Lóðirnar eru frá 6.980 m<sup>2</sup> til 17.678 m<sup>2</sup> að stærð.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykki tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.*

*Samþykkt*

**5. Hvítárbraut 31C L197193; Skilmálabreyting; Pakhalli; Deiliskipulagsbreyting - 1912048**

Lögð er fram umsókn Sigríðar Ólafsdóttur, dags. 19. desember 2019, umsókn um skilmálabreytingu Hvítárbrautar 31C, L197193, fyrir hönd Magnússar D. Baldurssonar og Sigríðar Þorgeirsdóttur. Breytingin fellst í að leyfilegur halli á þaki verði frá 0-45 gráðum, flatt þak, í stað 14-45 gráður. Skipulagshönnuður upprunaskipulags hefur skilað inn álti og gerir ekki athugasemd við breytinguna.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til umsókn um breytingu nái til gildandi heildarskipulags svæðisins. Málinu frestað þar til fyrir liggur samþykki lóðarhafa á svæðinu.*

*Frestað*

**Hrunamannahreppur:**

**6. Reykjaból lóð 20 (L167018); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús - stækkun og geymsla - 1911020**

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 18. desember er lögð fram umsókn Gunnars Arnar Harðarsonar dags. 07.11.2019 um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað og gera breytingar á innra fyrirkomulagi ásamt byggingu skúrs á sumarbústaðalandinu Reykjaból lóð 20 (L167018) í Hrunamannahreppi. Málinu

*[Signature]*

*J.B.*  
*H.K.*

vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

**7. Kerlingafjöll Hrunamannafrétti; Hesthús í hálendismiðstöð; Deiliskipulagsbreyting - 1907005**

Lögð fram tillaga skipulagsfulltrúa UTU um að lýsing að deiliskipulagsbreytingu sem legið hefur fyrir vegna lóðar í kringum Hesthús í Kerlingafjöllum verði dregin til baka og málið fái skilgreiningu sem "Stofnun lóðar" á svæðinu, til samræmis við umræður sem forsvarsmenn Hrunamannahrepps og skipulagsfulltrúi áttu með lögfræðingi Forsætisráðuneytis 26. nóvember 2019.

*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki að ofangreind deiliskipulagsbreyting verði felld niður og málið fái skilgreininingu sem "stofnun nýrrar lóðar"*

*Samþykkt*

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur:**

**8. Skeiðháholt, Borgarkot, Kílhraun, Kálfhóll; Endurnýjun hitaveitulagna; Áfangi 2 og 3; Framkvæmdaleyfi - 1912043**

Lögð er fram umsókn Bjarna H. Ásjörnssonar dags. 12. desember 2019, um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar hitaveitulagna, áfanga 2 og 3, fyrir hönd Hitaveitu Suður Skeiða. Gert er ráð fyrir uþþb. 1.600m nýrri stofnlögn, tengd við núverandi lögn í landi Blesastaða í átt að Borgarkoti og Hraunbrún. Þá er gert ráð fyrir heimtaugum frá stofnlögn að Borgarkoti, 580m, Hraunbrún, 670m og Kálfholti, 960m.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki framkvæmdina og feli skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 og fyrirliggjandi gögn umsækjanda. Forsenda fyrir leyfisveitingunni er að samkomulag hafi verið gert við alla þá landeigendur sem hugsanlega hafa aðkomu eða hagsmuni vegna lagnaleiða hitaveitulagna.*

*Samþykkt*

**9. Klettar (L166589); umsókn um byggingarleyfi; véla-verkfærageymsla mhl 05 - breyting á notkun - 1910041**

Í framhaldi af grenndarkynningu dags. 18. nóvember 2019 með athugasemdafrest til 18. desember 2019. Fyrir liggur umsókn Ásgeirs S. Eiríkssonar dags. 15. október 2019 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að breyta notkun á hluta af véla/verkfærageymslu mhl 05, 1.610 m<sup>2</sup>, í tvær 48 m<sup>2</sup> starfsmannaibúðir og 26 m<sup>2</sup> þvottarhús á jörðinni Klettar (L166589) í Skeiða- og Gnúpverjahareppi. Athugasemdir bárust.

*Skipulagsnefnd UTU telur rétt að vísa málinu til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til nánari umræðu.*

*Samþykkt*

*[Signature]*

*[Signature]*

*BGB* *H.L.K.* 3

**10. Holtabraut 1-3; Endurskoðun bílastæðalausnar; Deiliskipulagsbreyting -  
1904011**

Tekin til umræðu ný tillaga hönnuða Landform f.h. Landstólpa ehf, vegna útfærslu á aðkomu og fyrirkomulagi bílastæða við Holtabraut 1-3 í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tillagan er lögð fram sem óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi Brautarholts á Skeiðum.

Skilmálar áður gildandi skipulags haldast að öðru leyti óbreyttir.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 44. gr. sömu laga.*

*Samþykkt*

**11. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 19 - 112 - 1912003F**

*Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 19-112. dags 18.12.2019.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**

Arni Eiríksson  
Arni Eiríksson

Björgvin Skafti Bjarnason  
Björgvin Skafti Bjarnason

Helgi Kjartansson  
Helgi Kjartansson

Halldóra Hjörleifsdóttir  
Halldóra Hjörleifsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir  
Ingibjörg Harðardóttir

Guðmundur J. Gíslason